

Ferðafélag Íslands
Mörkinni 6
108Reykjavík

Hella, 2. september 2021
UST202108-273/H.Á.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi í Hrafninnuskeri

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ferðafélags Íslands, dagsett 30.8.2021, um leyfi fyrir framkvæmdum í Hrafninnuskeri innan Friðlands að Fjallabaki í september 2021.

Friðland að Fjallabaki er friðlýst sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með samþykki Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að reisa 42m² óeinangrað og óupphitað skjólhús. Áætlað er að útlit hússins verði í samræmi við útlit núverandi skála og skálavarðahús sem eru í Hrafninnuskeri. Inni í húsinu á að vera aðstaða til eldunar og vaskur til að þrifa áhöld ásamt borðum með bekkjum fyrir um 40 manns. Ekki er áætlað að heimilt verði að nýta skýlið sem gístaðstöðu. Mun þetta hús koma í stað vaskaskýlis sem er á staðnum til að notast við frárennslið sem þar er. Teikningar af húsinu fylgja umsókninni.

Hjólagrafa verður notuð við framkvæmdina og einungis verður unnið á svæði sem nú þegar hefur verið unnið á. Vinna við að lagfæra raskið verður unnin með hjólagröfu og með höndunum þar sem vélin kemst ekki að.

Forsaga málsins:

Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir byggingu umrædds skjólhúss í Hrafninnuskeri barst Umhverfisstofnun áður þann 22. ágúst 2018. Umhverfisstofnun synjaði þeirri umsókn 14. september 2018 í ljósi þess að meðhöndlun seyru á svæðinu var ekki í viðunandi horfi og varanleg lausn þar á hafði ekki verið fundin. Umhverfisstofnun áréttaði í svarbréfinu til Ferðafélags Íslands að þegar lögð verða fram ný gögn um varanlega lausn á meðhöndlun seyru á svæðinu getur Umhverfisstofnun tekið málið upp að nýju.

Ný gögn varðandi lausnir á fráveitumálum í Hrafninnuskeri

Umhverfisstofnun bærust ný gögn frá Eflu verkfræðistofu 27. ágúst 2021 um fráveitulausnir í Hrafninnuskeri. Í gögnunum frá Eflu kemur m.a. fram að byggð verði viðbygging við Höskuldsskála með sex salernum en í dag eru fjögur salerni í skálanum. Notast verður við postulínspurrsalerni. Seyru verður safnað í sérhönnuð ker undir salernunum, í kjallara undir viðbyggingunni. Þvag verður leitt í siturbeð til hreinsunar. Í fyrrnefndum kjallara verður einnig aðstaða til að geyma bæði full ker og tóm og hrein ker.

Í gögnum Eflu segir að fyrirhugað sé að seyruker frá Hrafninnuskeri verði flutt að seyruhótelinu á Flúðum þar sem þau verða tæmd og hreinsuð. Á Flúðum er nú þegar skilgreint ferli fyrir móttöku og meðhöndlun seyru með kalki og hefur seyran verið nýtt til uppgræðslu að lokinni meðhöndlun. Viðræður Ferðafélagsins við móttökuaðilann munu fara fram haustið 2021. Þá mun endanleg hönnun seyrukerja einnig fara fram í samráði við móttökuaðila til að tryggja að kerin standist kröfur móttökuaðila varðandi losun og hreinsun kerja. Í gögnum Eflu er sett fram eftirfarandi tímalína framkvæmdarinnar:

- ágúst-október 2021: Byggingarnefndarteikningar útbúnað og lokaákvæðanir teknar í fyrirkomulagi fráveitulausnar
- nóvember 2021-apríl 2022: Smíði gáma og húss (smíðað í byggð)
- júlí-ágúst 2022: Jarðvegsframkvæmdir í Hrafninnuskeri (ef fært verður fyrir vélar)
- ágúst-október 2022: Uppsetning og frágangur nýrrar salernis- og fráveitulausnar í Hrafninnuskeri

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur áhrif þess að byggja skjólhús í Hrafninnuskeri muni að öllum líkindum ekki hafa umtalsverð neikvæð áhrif á landslag og náttúru svæðisins. Þá er framkvæmdin afturkræf. Á svæðinu eru aðrar byggingar og samkvæmt teikningum sem fylgdu umsókninni verður skjólhúsið byggt í sama stíl. Byggingasvæðið er á ógrónu landsvæði sem er þegar raskað og lítil hætta á að viðkvæmar jarðminjar verði fyrir raski. Þá mun skjólhúsið að öllum líkindum auka öryggi og bæta þjónustu við gesti sem eiga leið um Hrafninnusker.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Ferðafélagi Íslands fyrir sitt leyti leyfi fyrir byggingu skjólhúss í Hrafninnuskeri innan Friðlands að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka farartækjum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi forsætisráðuneytisins gæti þurft fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Pórdís Björt Sigþórsdóttir
teymisstjóri

Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri